

AUGLÝSING

um bráðabirgðasamkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Grenada.

Með erindaskiptum milli breska sendiráðsins í Reykjavík f. h. ríkisstjórnar Grenada og utanríkisráðuneytisins hefur verið ákveðið, að gagnkvæmt samkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Grenada haldi gildi sínu með aðstoð í samningi Íslands og Bretlands, þar til nýr samningur verður gerður við ríkisstjórn Grenada.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. nóvember 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 21.

3. des. 1974.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna varðandi varnarsamninginn frá 1951.

Hinn 22. október 1974 var í Reykjavík gengið frá samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna um áframhaldandi framkvæmd varnarsamnings ríkjanna frá 5. maí 1951. Jafnframt var lokið með orðsendingaskiptum endurskoðun samningsins skv. 7. grein hans, sem hófst formlega hinn 25. júní 1973.

Samkomulagið tók gildi á undirritunardegi hinn 22. október 1974.

Orðsendingaskiptin og samkomulagið ásamt bókun eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. desember 1974

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.Annex

1. ORÐSENDINGASKIPTI

- a. Orðsending sendiherra Bandaríkjanna til utanríkisráðherra.

1. EXCHANGE OF NOTES

- a. The American Ambassador to the Icelandic Minister for Foreign Affairs.

Reykjavík, 22. október 1974.

Reykjavík, October 22, 1974.

Herra ráðherra,

Excellency:

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem nýlega áttu sér stað milli fulltrúa ríkis-

I have the honor to refer to the discussions recently concluded between

stjórná Bandaríkjanna og Íslands samkvæmt ákvæðum 7. gr. varnarsamnings þess, sem í gildi er milli landanna og undirritaður var í Reykjavík hinn 5. maí 1951.

Ríkisstjórnir okkar eru sammála um að núverandi ástand heims mála, svo og öryggismála Íslands og þeirra ríkja, sem aðild eiga að Atlantshafshandalaginu, sé þannig háttáð, að enn sé þörf fyrir þá aðstöðu, sem varnarliðið á Íslandi hefur notið samkvæmt ákvæðum samningsins, á þann hátt sem báðir aðilar geta sætt sig við.

Samkvæmt framansögðu hafa ríkisstjórnir okkar gert með sér samkomulag, er felur í sér áframhaldandi framkvæmd varnarsamningsins, og hafa þar með lokið endurskoðun samningsins samkvæmt ákvæðum 7. gr. hans.

Ég leyfi mér að leggja til að þessi orðsending, og staðfesting yðar skuli fela í sér samkomulag milli ríkisstjórna okkar, svo sem að framan segir.

Ég votta yður, herra ráðherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

Frederick Irving.

Herra
Einar Ágústsson,
utanríkisráðherra,
Reykjavík.

**b. Svar utanríkisráðherra til
sendiherra Bandaríkjanna.**

Reykjavík, 22. október 1974.

Herra sendiherra,

Ég leyfi mér að staðfesta móttöku orðsendingar yðar frá í dag, þar sem vísað er til viðræðna, er nýlega áttu sér stað milli fulltrúa ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna samkvæmt ákvæði 7. gr. varnarsamnings þess, sem í gildi er milli landanna og undirritaður var í Reykjavík hinn 5. maí 1951.

representatives of the Government of the United States of America and the Government of Iceland pursuant to Article VII of the Defense Agreement between our two countries signed at Reykjavik, May 5, 1951.

Our Governments agree that the present situation in world affairs, as well as the security of Iceland and of the North Atlantic Community, call for the continuation of the facilities and their utilization by the Iceland Defense Force under the Agreement on mutually acceptable terms.

Accordingly, our two Governments have reached an understanding concerning the continuation of the Defense Agreement, and have concluded their review of the Defense Agreement under Article VII.

I have the honor to propose that this note and your Excellency's reply in similar terms shall be regarded as constituting an agreement between our two Governments to the above effect.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

Frederick Irving.

His Excellency
Einar Ágústsson,
Minister for Foreign Affairs,
Reykjavik.

**b. The Icelandic Minister for
Foreign Affairs to the American
Ambassador.**

Reykjavik, October 22, 1974.

Excellency,

I have the honour to acknowledge the receipt of your note of today's date referring to the discussions recently concluded between representatives of the Government of Iceland and the Government of the United States of America pursuant to Article VII of the Defense Agreement between our two countries signed at Reykjavik, May 5, 1951.

Ríkisstjórnir okkar eru sammála um að núverandi ástand heimsmála, svo og öryggismála Íslands og þeirra ríkja, sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu, sé þannig háttað, að enn sé þörf fyrir þá aðstöðu, sem varnarliðið á Íslandi hefur notið samkvæmt ákvæðum samningsins, á þann hátt, sem báðir aðilar geta sætt sig við.

Samkvæmt framansögðu hafa ríkisstjórnir okkar gert með sér samkomulag, er felur í sér áframhaldandi framkvæmd varnarsamningsins, og hafa þar með lokið endurskoðun samningsins samkvæmt 7. gr. hans.

Ég leyfi mér að staðfesta að orðsending yðar og þetta svar við henni skuli fela í sér samkomulag milli beggja ríkisstjórna okkar, svo sem að framan segir.

Ég votta yður, herra sendiherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

Einar Ágústsson.

Hr. sendiherra
Frederick Irving,
Sendiráði Bandaríkjanna,
Reykjavík.

2. SAMKOMULAG

Ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands hafa gert með sér eftirfarandi samkomulag varðandi áframhaldandi nýtingu á aðstöðu varnarliðsins á Íslandi samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins frá 5. maí 1951:

1. Bandaríkin munu leitast við að fækka liðsmönnum varnarliðsins á þann hátt, sem ríkisstjórnirnar báðar hafa komið sér saman um.
2. Ríkisstjórnirnar eru sammála um að innan hæfilegs tíma muni íslenskir starfsmenn, er þá hafi öðlast til þess nægilega starfshæfni og þjálfun, taka við tilteknum störfum á vegum varnarliðsins, sem bandarískir starfsmenn gegna nú. Hins vegar munu Bandaríkin ekki leitast við að ráða til starfa eða halda í vinnu fleiri bandarískum eða íslenskum

Our Governments agree that the present situation in world affairs, as well as the security of Iceland and of the North Atlantic Community, call for the continuation of the facilities and their utilization by the Iceland Defense Force under the Agreement on mutually acceptable terms.

Accordingly, our two Governments have reached an understanding concerning the continuation of the Defense Agreement, and have concluded their review of the Defense Agreement under Article VII.

I have the honour to confirm that your note and this reply shall be regarded as constituting an agreement between our two Governments to the above effect.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

Einar Ágústsson.

His Excellency
Ambassador Frederick Irving,
American Embassy,
Reykjavík.

2. MEMORANDUM OF UNDERSTANDING

Regarding the continuation of the facilities and their utilization by the Iceland Defense Force in accordance with the Defense Agreement of May 5, 1951, the Governments of the United States and Iceland have reached the following understandings:

1. The United States will seek to reduce its military personnel in the Iceland Defense Force as agreed upon between the two Governments.
2. The Governments agree that within a reasonable time Icelandic personnel with suitable qualifications and training will replace United States personnel in certain positions with the Iceland Defense Force. However, the United States does not seek to employ or retain more United States or Icelandic personnel than circumstances warrant, and, there-

starfsmönnum en aðstæður réttlæta, og kunna því að breyta fjölda starfsmanna og skipulagi starfsgreina á vegum varnarliðsins innan ákvæða 3. og 4. gr. varnarsamningsins frá 1951.

3. Bandaríkin munu leitast við að byggja íbúðarhúsnæði innan hins umsamda svæðis, er nægi til að hýsa þær fjölskyldur varnarliðsmanna, sem rétt eiga á slíku húsnæði. Þessar byggingarframkvæmdir skulu háðar nauðsynlegum fjárveitingum, svo og því hvort nauðsynlegt efni og íslenskt vinnuafli er fyrir hendi. Á meðan ekki hefur verið lokið við byggingu þessa íbúðarhúsnæðis, skal bandarískum hernaðarvirkvöldum heimilt að annast milligöngu fyrir hönd þeirra starfsmanna, er húa utan hins umsamda svæðis með það fyrir augum að tryggja hæfilegt húsnæði, sanngjarna húsaleigu og hæfilega leiguskiðmála.
4. Eftir því sem fjárveitingar leyfa munu Bandaríkin leitast við að gera þær ráðstafanir, sem báðir aðilar koma sér saman um, til að skilja að á raunhæfan hátt starfrækslu farþegaflugstöðvarinnar og rekstur þann og aðstöðu, sem varnarliðið siálfst hefur með höndum á hinu umsamda Keflavíkursvæði. Þegar farþegaflugstöðin og starfsemi varnarliðsins hafa verið aðskilin skulu aðgerðir þessia ríkisstjórnna varðandi starfsemi lögregluvirkvalda og lögsögu þeirra fara eftir þeim ákvörðunum, sem báðir aðilar koma sér saman um, og skulu þær miðast við þær breyttu aðstæður, sem há kunna að hafa skapast innan hins umsamda svæðis.
5. Eftir því sem fjárveitingar leyfa mun ríkisstjórn Bandaríkianna leitast við að láta í té tiltekinn búnað, sem á 10 ára tímabili mun skapa há aðstöðu á Keflavíkurflogvelli, að þín fullþægi kröfum Alþjóða flugmálastofnunarinnar (I.C.A.O.) fyrir flugrekstur samkvæmt flokkun nr. II.

fore, may change the size and composition of the Iceland Defense Force within the framework of Articles III and IV of the 1951 Defense Agreement.

3. Subject to the availability of appropriated funds, necessary materials and Icelandic labor, the United States will seek to construct family housing units on the agreed areas sufficient to accommodate eligible United States military personnel stationed in Iceland. Pending the completion of this housing, the military authorities of the United States may act as agent for personnel residing off the agreed areas in order to assure adequacy of housing, fair rental rates and appropriate leasing provisions.
4. Subject to the availability of appropriated funds, the United States will seek to take such mutually agreed measures as will effectively separate the civilian air terminal from base facilities in the Keflavik agreed area. Upon the separation of the civilian air terminal and the base facilities, the actions of the two Governments concerning police jurisdiction and police functions shall be governed by procedures to be agreed which shall reflect the altered circumstances in the agreed areas.
5. Subject to the availability of appropriated funds, the United States Government will seek to provide certain equipment to upgrade the Keflavik Airfield over a ten-year period to meet ICAO standards for Category II flight operations.

6. Þetta samkomulag öðlast gildi þann dag, sem það er undirritað.

6. This Memorandum of Understanding will enter into force on the day on which it is signed.

Undirritað í Reykjavík af fulltrúum tilnefndum af samningsaðilum hinn 22. október 1974.

Signed at Reykjavik by the accredited representatives of the Parties on October 22, 1974.

Fyrir ríkisstjórn Íslands,

For the Government of the United States of America:

Einar Ágústsson.

Frederick Irving.

Fyrir ríkisstjórn Bandaríkjanna,

For the Government of Iceland:

Frederick Irving.

Einar Ágústsson.

3. BÓKUN

Eftirfarandi bókun var gerð um viðræður milli ríkisstjórna Bandaríkjanna og Íslands samkvæmt ákvæðum 7. gr. varnarsamnings landanna frá 1951:

3. AGREED MINUTE

The following Agreed Minute was adopted during discussions between the United States Government and the Government of Iceland pursuant to Article VII of the 1951 Defense Agreement between the two countries:

A. Varnarliðið mun fækka liði sínu um 420 menn og í stað þeirra komi hæfir íslenskir starfsmenn, eftir því sem þeir verða til reiðu til slíkra starfa. Varnarliðið mun annast þjálfun íslenskra starfsmanna, eftir því sem þörf krefur.

A. The Iceland Defense Force will reduce its military personnel strength by 420, to be replaced by qualified Icelandic personnel as such personnel become available. The Iceland Defense Force will train Icelanders for these positions as required.

B. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun leita eftir fjárveitingum til byggingar íbúðarhúsnæðis á fjárhagsárunum 1975, 1976 og 1977 með það endanlega markmið fyrir augum að öllum bandarískum hermönnum verði séð fyrir íbúðarhúsnæði innan takmarka varnarstöðvarinnar. Bandaríkin gera ráð fyrir að eftir að fækkað hefur verið í varnarliðinu svo sem að framan greinir, muni viðbótarþörf íbúðarhúsnæðis innan takmarka varnarstöðvarinnar nema um það bil 468 húsnæðiseiningum. Sem viðbendingu um góðan ásetning Bandaríkjanna í þessu tilliti er í fjárlagafrumvarpi fyrir fjárhagsárið 1975 að finna beiðni um fjárveitingu vegna byggingar 200 húsnæðisein-

B. The United States Government will seek appropriations for housing construction in fiscal years 1975, 1976, and 1977, with the ultimate objective of providing on-base housing for all United States military personnel. The United States anticipates that after the reductions mentioned above are accomplished, the additional on-base housing units requirements will number approximately 468 units. As an indication of the good intention of the United States, there has already been included in the fiscal year 1975 budget a request for appropriations for 200 housing units in anticipation of the exchange of notes and the Memorandum of Understanding.

inga, vegna undirritunar þeirra orðsendinga og þess samkomulags, sem hér um ræðir.

- C. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun leitast við að finna leið til þess að vinna að því í samvinnu við íslensku ríkisstjórnina að skilja að svæði þau, þar sem rekstur farþegaflugs og starfsemi varnarliðsins fer fram. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun taka þátt í byggingu nýrrar farþegaflugstöðvar eftir því sem fjárveitingar heimila og varnarliðsrekstur krefst. Í þessu sambandi var rætt um að Bandaríkin kosti lagningu aðkeyrslubrauta fyrir flugvélar, byggingu flugvélastæða, lagningu vega, þar með talinn nýr bilvegur, svo og endurnýjun á kerfi því, sem flytur eldsneyti að flugvélum.
- D. Ríkisstjórn Bandaríkjanna samþykkir að athuga möguleika á því að festa kaup á heitu vatni til afnota fyrir varnarliðið, svo fremi að slík þjónusta verði látin í té af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar á Reykjanes svæðinu.
- E. Báðar ríkisstjórnirnar munu athuga leiðir til þess að efla samvinnu milli varnarliðsins, annars vegar, og íslensku landhelgisgæslunnar, almannavarna og flugmálastjórnarinnar, hins vegar.
- F. Viðræður um framkvæmd þeirra samkomulagsatriða, sem nefnd eru hér að framan, munu fara fram milli sendiherra Bandaríkjanna og yfirmanns varnarliðsins, annars vegar, og utanríkisráðherra Íslands og tilnefnds fulltrúa hans, hins vegar.
- C. The United States Government will consider means of cooperating with the Government of Iceland in connection with the proposed separation of areas between the military and civilian air functions. The United States Government will undertake to cooperate in the construction of a new terminal complex subject to availability of funds and military requirements. In this connection, there was discussed the United States Government financing of the taxiways and ramp, roads, including an access road, and the rehabilitation of the refueling system.
- D. The United States Government agrees to study the feasibility of purchasing geothermal heat for use by the Iceland Defense Force in the event such service is made available by the Government of Iceland in the Reykjanes Peninsula area.
- E. The two Governments will study ways to further the cooperation between the Iceland Defense Force and the Icelandic Coast Guard, civil defense, and civil aviation authorities.
- F. Discussions for the implementation of the understandings stated herein will be held between the American Ambassador to Iceland and the Commander of the Iceland Defense Force on the one hand, and the Foreign Minister of Iceland and his designated representative on the other.

E. Ág.

F. I.

E. Ág.

F. I.

22. október 1974.

October 22, 1974.